

Berist til:

Dómsmálaráðuneytisins

Reykjavík, 19. október 2024

Meðfylgjandi er umsögn Rauða krossins á Íslandi um drög dómsmálaráðuneytisins að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um útlendinga, nr. 80/2016 (sameiginleg vernd vegna fjöldaflótta).

Virðingarfyllst,

f.h. Rauða krossins á Íslandi



Kristín S. Hjálmtýsdóttir,
framkvæmdastjóri

UMSÖGN RAUÐA KROSSINS Á ÍSLANDI

um

frumvarp til laga um breytingu á lögum um útlendinga, nr. 80/2016 (sameiginleg vernd vegna fjöldaflóttta).

Rauði krossinn á Íslandi þakkar tækifærið sem hér gefst til umsagnar á drögum að breytingu á reglugerð um útlendinga nr. 540/2017.

Rauði krossinn á Íslandi stendur vörð um mannréttindi og virðingu einstaklinga og vinnur að málefnum umsækjenda um alþjóðlega vernd og flóttafólks í samvinnu við stjórnvöld og Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna. Rauði krossinn hefur um langt árabil sinnt umfangsmikilli þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd og einstaklinga með vernd, m.a. á grundvelli samninga við stjórnvöld. Eftirfarandi umsögn félagsins er fyrst og fremst mótuð af því hlutverki sem og hagsmunagæslu hreyfingarinnar fyrir viðkvæma hópa á borð við flóttafólk og farendur.

Rauði krossinn á Íslandi starfar ávallt samkvæmt grunngildum hreyfingarinnar um mannúð, óhlutdrægni og hlutleysi og stefnu Alþjóðahreyfingar Rauða krossins og Rauða hálfmánans í málefnum farenta.

Athugasemdir

Rauði krossinn fagnar framkomnu frumvarpi og leggur til að það verði samþykkt. Vill félagið jafnframt hrósa stjórnvöldum fyrir móttöku fólksins frá stríðshrjáðum svæðum Úkraínu.

Það Úkraínufólk sem hér er í tímabundinni vernd er hluti af samfélaginu okkar hér á meðan það dvelur hér, stundar m.a. vinnu og nám, er með börn í skólum, leigir íbúðarhúsnæði, lærir tungumálið o.s.frv. Er þannig með margvíslegar skuldbindingar og áætlanir um nánustu framtíð sína. Eins og við höfum orðið vör við í okkar starfi skiptir það fólkið miklu máli að fá að vita sem allra fyrst hvort verndin verði framlengd. Það þarf síst á að halda óþarfa áhyggjum af því hvort það fær skjól hér áfram. Í greinargerð kemur fram að síðasta framlenging verndarinnar var ákveðin 1. febrúar 2024 sem var aðeins um mánuði áður en leyfi þeirra sem komu fyrst, runnu út. Æskilegra væri að tilkynna framlengingu verndar með nokkurra mánaða fyrirvara og viðkomandi gætu þá, eins og segir í greinargerðinni „...búið við fyrirsjáanleika...“.

Félagið leggur því áherslu á frumvarpið verði tekið til afgreiðslu svo skjótt sem auðið er.

Lokaorð

Fulltrúar Rauða krossins eru tilbúnir til samtals og gera grein fyrir sjónarmiðum félagsins sé þess óskað.